

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi gönguleið við Hallgerðargötu (US210364).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. desember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, ásamt greinargerð:

Lagt er til að gönguleiðir og lýsing við Hallgerðargötu, alla leið frá Sundlaugavegi að Kirkjusandi, verði kláruð sem fyrst.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 15. desember sl.

Umsögn:

Kirkjusandur er nýbyggingarsvæði sem enn er í uppbyggingu. Gengið er frá yfirborði gatna, stíga og götulýsingu jafnóðum og unnt er sökum vinnu á svæðinu. Vinnu við yfirborðsfrágang og lýsingu við Kirkjusand er skipt í tvö verkefni, annars vegar *Kirkjusandur – Yfirborðsfrágangur 2020* (verkefni 2020 – 2021) og hins vegar *Kirkjusandur – Yfirborðsfrágangur og gatnamót við Borgartún* (verkefni 2021 – 2022).

Uppsetning götulýsingar við Hallgerðargötu er hluti af fyrra verkinu og hafði ekki verið lokið þegar tillagan var lögð fram en hefur nú verið lokið. Frágangur á gönguleið og lýsingu á henni er hluti af hinu síðara verki sem fljótlega verður hafist handa við. Fyrirhuguð verklok eru 25. apríl 2022.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri